



Skaftárhreppur skipulags- og byggingarfulltrúi

Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022

Í samræmi við 31.gr. skipulagslaga nr.123/2013 er hér með auglýst eftir athugasemdum við greinargerð skipulagsverkefnis og tillögu að breyttu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta afmörkun þjónustustofnunnar (S9) þar sem er gert ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri og breytist afmörkun opins svæðis Ú2 til samræmis og svæði V4 er fellt út. Afmörkun svæðanna er breytt í samræmi við þá starfsemi sem á að vera í húsinu, hönnun húss og uppfyllingar.

Greinargerð og uppdráttur skipulagstillögu liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingamála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri, og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 1.október til og með 15.nóvember. Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til kl. 15:00, föstudaginn 15.nóvember 2013. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkir henni.

Fh.Skipulags- og Byggingarfulltrúa
Vigfús Þór. Hróbjartsson
Fulltrúi á sviði skipulags- og byggingarmála
Skaftár- og Mýrdalshreppi